



## Fundargerð

**457. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í fjarfundi þann 14. janúar 2021 kl. 15:00. Þetta er 1. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 8 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt beint á youtube; [https://www.youtube.com/watch?v=Vz1CnWk\\_pA4](https://www.youtube.com/watch?v=Vz1CnWk_pA4)

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá að við málefnskrá bætist;

### **I. Málefni til umfjöllunar**

11. 2101011 Lóðarleiga á Kirkjubæjarklaustri

### **IV. Annað kynningarefni**

6. 2004004 Minnisblað KPMG vegna uppbyggingar þekkingarseturs. KPMG, dags.13.01.2021

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

## **Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi**

*14. desember stjórnarfundur Bergrisans bs.*

*15. desember fundur sveitar- og bæjarstjóra á Suðurlandi með lögreglustjóranum á Suðurlandi vegna Covid19*

*16. desember fundur sveitarstjóra, framkvæmdastjóra Rarik með ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar vegna fjármögnunar flýtiverkefnis Rarik við þrífösun í Skaftárhreppi*

*16. desember 91. fundur svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs*

*16. desember fundur með stjórn veiðifélags Skaftártunguafréttar vegna félagsheimilisins Tungusels*

*16. desember fundur landeigenda Kirkjubæjarklausturs vegna landaskipta jarðarinnar*

*21. desember 92. fundur svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs*

*5. janúar fundur með formanni atvinnumálanefndar, atvinnufulltrúa, oddvita og sveitarstjóra vegna verslunarmála á Kirkjubæjarklaustri*

*5. janúar fundur með ráðgjafa SASS vegna svæðisáætlunar í meðhöndlun úrgangs sem unnin verður á vettvangi Hulu bs*

*7. janúar vinnufundur sveitarstjórnar*

*11. janúar fundur vegna endurskoðunar aðalskipulags Skaftárhrepps*

*13. janúar fundur með ráðgjafa frá KPMG vegna minnisblaðs um útfærslu á samstarfi Kirkjubæjarstofu, Skaftárhrepps og Eldvilja ehf vegna uppbyggingar þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri*

*Samtal vegna mögulegrar verslunar á Kirkjubæjarklaustri stendur enn yfir. Eigendur Systrakaffis hafa verið að skoða leiðir til að nýta húsnæðið sem áður hýsti Kjarval og hafa áhuga á samstarfi í þeim efnum. Eigandi húsnæðis á Iðjuvöllum er einnig að skoða leiðir til að koma því húsnæði undir verslunarrekstur. Atvinnufulltrúi hefur verið í góðu sambandi við þessa aðila og vinnur nú að því að safna gögnum sem nýst geta til að sýna fram fýsileika á verslunarreksturs á Kirkjubæjarklaustri. Vonast er til að málið skýrist sem fyrst. Sveitarstjórn fagnar því að komin sé vísir að verslun í Skaftárskála með helstu nauðsynjum fyrir íbúa sveitarfélagsins. Starfshópur um Errósetus er á*



lokametrinum að skila skýrslu um uppbyggingu setursins á Kirkjubæjarklaustri en verkefnið verður kynnt fyrir menntamálaráðherra þann 15. janúar nk.

## I. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundargerð 162. fundar skipulagsnefndar dags. 12.01.2021

### 1. 1710004 – Hverfisfljót - Lýsing v br á Ask og Dsk fyrir Hnútvirkjun

Mats- og skipulagslýsing var auglýst þar sem íbúum og hagsmunaaðilum var gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar við skipulagslýsinguna fyrir 16. desember sl. Alls bárust 17 umsagnir og athugasemdir við skipulags- og matslýsingu á kynningartíma sem lagðar voru fram á fundinum og fundarmenn hafa kynnt sér.

Skipulagsnefnd vísar í gr. 4.2.4. í skipulagsreglugerð 90/2013 m.s.br. þar sem segir orðrétt:

„Skipulagsnefnd skal hafa hliðsjón af umsögnum og ábendingum sem henni berast við vinnslu tillögu að aðalskipulagi en ekki er skylt að svara þeim með formlegum hætti.“

„Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að vinna áfram að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps samhliða tillögu að deiliskipulagi umsækjanda.“

JHK, BG og RÞG samþykkja þessa bókun.

BKG og KH samþykkja ekki þessa bókun.

Kristbjörg Hilmarsdóttir leggur fram svohljóðandi bókun:

“Ég hvet sveitarstjórn eindregið til að taka mark á innsendum athugasemdum vegna lýsingar á breytingum vegna aðalskipulags og deiliskipulags vegna Hnútvirkjunar og falla frá fyrirhuguðum breytingum.

Ég bendi á að niðurstaða Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er afgerandi um að Hnútvirkjun muni hafa verulega neikvæð umhverfisáhrif. Stofnunin telur einnig að ekki hafi verið sýnt fram á brýna nauðsyn fyrir röskun á Skaftárelða- og Núpahraunum, sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi hvetja í athugasemdum sínum við skipulagsbreytingarnar til þess að Hnútvirkjun verði tekin út af aðalskipulagi Skaftárhrepps. Undir það tek ég, enda sú brýna nauðsyn sem náttúruverndarlög krefjast skuli hraununum raskað ekki til staðar og umhverfisáhrif gegnumgangandi með öllu óásættanleg á landi sem við berum ríka ábyrgð á til framtíðar.

Ég hafna því alfarið að þessum breytingum við Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022 og hvet sveitarstjórn eindregið til þess að taka fyrirhugaða virkjanaframkvæmd út úr aðalskipulagi sem iðnaðarsvæði í kafla 2.7 í Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2020-2032.”

BG, KG og EBH staðfesta afgreiðslu JHK, BG og RÞG. HGÁ og AH hafna afgreiðslunni og taka undir bókun KH.

### 2. 1908007 – Breyting á Ask í Hrífunesi, V2 stækki úr 38 ha í 80 ha.

Fyrir fundi liggur umsögn Skipulagsstofnunar og heimild til að auglýsa skv. 31. gr skipulagslaga, þegar brugðist hefur verið við athugasemdum og ábendingum sem sjá má í meðfylgjandi bréfi frá Skipulagsstofnun móttæknu 6. janúar 2021



Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga, þegar brugðist hefur verið við fyrrgreindum athugasemdum og ábendingum, og óskar eftir að viðbrögð sveitarfélagsins verði tekin saman og fylgi endanlegum gögnum að lokinni auglýsingu.

*„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kalla eftir þeim upplýsingum sem athugasemdir og ábendingar Skipulagsstofnunar segja til um og í framhaldi af því auglýsa aðalskipulagsbreytinguna skv. 31. gr. skipulagslaga þegar aðalskipulagsbreytingin hefur verið uppfærð til samræmis.“*

*Sveitarstjórn staðfestir samhljóða afgreiðslu nefndarinnar.*

### **3. 2101001 - Endurauglýsing skipulagstillagna.**

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir heimild til að endurauglýsa skipulagstillögur skv. meðfylgjandi lista.

1604007 – Dsk Hrífunesi L163373

*„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að endurauglýsa skipulags- tillöguna.“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

1606007 – Dsk Hrífunesi L213047

*„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að endurauglýsa skipulags- tillöguna.“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

1805002 – Breyting á Ask í Hrífunesi

*„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að endurauglýsa skipulags- tillöguna.“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

1807004 – Breyting á Dsk í Hrífunesi

*„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að endurauglýsa skipulags- tillöguna.“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

1901002 – Breyting á Dsk á Geirlandi

*„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að endurauglýsa skipulags- tillöguna.“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

1908016 – Deiliskipulag Flaga II

*„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að endurauglýsa skipulags- tillöguna.“*



Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

## 5. 2101002 - Vegagerðin - Malarslitolagsnáma í Hrífunesi inn á aðalskipulag

Svanur G Bjarnason hjá Vegagerðinni óskar eftir leyfi fyrir einni malarnámu í landi Hrífuness inn á Ask og að tvær námur verði felldar út.

*„Áður en málinu er vísað til endurskoðunar aðalskipulags þarf að liggja fyrir samþykki landeigenda. Varðandi lokun á námum N6 og N9 þarf að tryggja að frágangur námanna sé til fyrirmyndar og falli í landslagið.“*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

## 2. Fundargerð 83. Fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu dags. 10.12.2020

Tillaga að hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar. Starfandi félagsmálastjóri leggur til að grunnupphæð fjárhagsaðstoðar verði hækkuð um 4-6 %.

Erindi lagt fyrir félagsmálanefnd með upplýsingum um upphæð fjárhagsaðstoðar hjá öðrum sveitarfélögum og stöðuna á svæðinu.

*Niðurstaða: Félagsmálanefnd Rangárvalla og Vestur Skaftafellssýslu samþykkir að hækka grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar um 6%. Mun þá grunnfjárhæð einstaklings hækka um 9.472 kr.*

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar fyrir sitt leyti í samræmi við afgreiðslu félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

### 1. 2005019 Aukaáðalfundur Hulu bs. – tilnefning fulltrúa

*Hula bs hefur boðað til aukaáðalfundar þann 20. janúar nk. Sveitarstjórn Skaftárhrepps tilnefnir Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra sem fulltrúa sinn á fundinn.*

### 2. 2101003 Beiðni um einfalda ábyrgð vegna lántöku Byggðasafnsins í Skógum dags. 14.12.2020

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Byggðasafnsins í Skógum hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 28.000.000 kr. til 12 ára, í samræmi við fyrirbyggjandi lánsúmsókn. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Byggðasafninu í Skógum. Sveitarstjórnin veitir Lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til endurfjármögnunar á afborgunum eldri lána 2020 og 2021 hjá sjóðnum auk fjármögnunar á framkvæmdum Byggðasafnsins 2018, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*



Sveitarstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Byggðasafnsins í Skógum til að breyta ekki ákvæði samþykktar Byggðasafnsins sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Skaftárhreppur selji eignarhlut í Byggðasafninu í Skógum til annarra opinberra aðila, skuldbindur Skaftárhreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra, kt. 240179-2969 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Skaftárhrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánsamninginn.

3. 2101004 Beiðni um aukna fjárheimild til aðildarsveitarfélaga Bergrisans bs. dags. 06.01.2021

Óskað er eftir umfjöllun og afgreiðslu aðildarsveitarfélaga Bergrisans bs. vegna viðaukasamnings við Sólheima SES í samræmi við 6. gr. samþykktar Bergrisans bs.

Stjórn Bergrisans hefur samþykkt samninginn fyrir sitt leyti.

Samningurinn er tvíþættur, annars vegar er fjallað um þjónustu við einn einstakling með miklar þjónustufarfarir og hins vegar lánsamning til nauðsynlegrar uppbyggingar á íbúðarhúsnæði.

- Þjónustufáttur: Fjárhagsáætlun 36 mkr þegar tekið er tillit til kostnaðar við búsetu og hæfingu. Samningur hljóðar upp á 45.8 mkr þegar tekið er tillit til sömu þátta og er því mismunur 9.8 mkr. Í samningi er kveðið á um endurskoðun á vaktkerfi en líklegt þykir að hægt sé að draga úr þeim kostnaði þegar einstaklingur hefur komið sér fyrir. Aðeins er greitt fyrir það vaktkerfi sem er í gangi hverju sinni.
- Lán til Sólheima að upphæð 18 mkr til að hægt sé að gera nauðsynlegar breytingar á húsnæði.

Ekki er verið að óska eftir viðbótarframlagi frá aðildarsveitarfélögunum á þessum tímapunkti heldur er um viðauka við fjárhagsáætlun Bergrisans að ræða. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir viðaukasamning Sólheima SES fyrir sitt leyti.

4. 2101005 Erindi frá Unni Einarsdóttur Blandon um úrsögn af D lista, dags. 07.01.2021  
Unnur Einarsdóttir Blandon hefur óskað eftir lausn frá setu sem varamaður í sveitarstjórn og sem nefndarmaður í ípróttá- og tómstundanevnd af persónulegum ástæðum. Sveitarstjórn þakkar Unni Blandon fyrir hennar störf í þágu sveitarfélagsins og óskar henni velfarnaðar.
5. 2101006 Erindi frá Skólaþjónustu Rangárvalla og Vestur Skaftafellssýslu um þátttöku í starfi iðjuþjálfara, dags. 7.01.2021

Viðræður standa yfir milli sveitarfélaga á Suðurlandi og Hsu varðandi þjónustu iðjuþjálfara á svæðinu. Starf iðjuþjálfara er ekki hluti af starfsemi Skólaþjónustunnar og þurfa því sveitarfélögin að ákvarða þörf þjónustunnar hvert fyrir sig. Samráðsfundur er áætlaður 20. janúar vegna málsins. EBH, BG, HGÁ og AH samþykkja að senda sveitarstjóra sem sinn fulltrúa á fundinn. KG situr hjá við afgreiðsluna.





6. 2101007 Beiðni frá Veraldarvinum um þátttöku í verkefni um hreinsun strandlengjunnar, dags. 11.01.2021  
*Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar því til umfjöllunar í Umhverfis- og náttúruverndarnefnd.*
7. 2101008 Skipan í nefndir og ráð skv nýrri Samþykkt Skaftárhrepps um stjórn og fundarsköp nr. 1530/2020  
*Ný samþykkt um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps tók gildi þann 11. janúar sl. með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda. Í kjölfar þess þarf að skipa í þær nefndir og ráð sem bætast í samræmi við nýja samþykkt. Í ungmennaráð þarf að skipa þrjá fulltrúa og þrjá til vara til eins árs í senn ungmenni á aldrinum 13-18 ára. Tilnefning um einn fulltrúa og eins til vara skal koma frá félagsmiðstöðinni Klaustrið og skal íþrótt- og tómstundanefnd tilnefna tvo fulltrúa og tvo til vara. Sveitarstjóra falið að óska eftir tilnefningum. Í öldungaráð skal skipa þrjá fulltrúa og þrjá til vara. Félag eldri borgara skal tilnefna einn fulltrúa og einn til vara og sveitarstjórn tvo fulltrúa og tvo til vara. Sveitarstjóra falið að óska eftir tilnefningu fulltrúa frá félagi eldri borgara. Tilnefning annarra fulltrúa samkvæmt nýrri samþykkt frestað til næsta fundar. Sveitarstjóra jafnframt falið að auglýsa eftir aðilum sem áhuga hafa að gefa kost á sér til nefndarstarfa.*
8. 1911006 Afhendingaröryggi raforku og fjarskiptasamband í Skaftárhreppi  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps lýsir áhyggjum sínum af þeim aðstæðum sem sköpuðust í rafmagnsleysi þann 9. janúar sl. þegar símasendar duttu út og stórt svæði í sveitarfélaginu var fjarskiptasambandslaust. Einhverjar varaflstöðvar eru komnar á svæðið í samræmi við svör til sveitarfélagsins frá framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar þann 12. október 2020. Ekki hefur þó enn verið gengið frá samningum um eða verkferlar ákveðnir við notkun varaafstöðvanna. Sveitarstjórn Skaftárhrepps óskar því eftir fundi með forsvarsmönnum Neyðarlínunnar og skjótum viðbrögðum við gerð verkferla til að koma í veg fyrir að þessi staða endurtaki sig í framtíðinni.*
9. 2101009 Mötuneyti Skaftárhrepps  
*Breytingar á störfum og verksviði starfsmanna mötuneytis Kirkjubæjarskóla og í eldhúsi Klausturhóla hafa verið tilkynntar núverandi starfsmönnum deildanna. Allir starfsmennirnir hafa afþakkað ný störf og þarf því að auglýsa eftir starfsmönnum fyrir nýtt mötuneyti Skaftárhrepps. Sveitarstjórn Skaftárhrepps harmar að þurfa að sjá eftir starfsmönnum mötuneytanna. Sveitarstjórn vill koma á framfæri þökkum til þeirra fyrir vel unnin störf og tryggð í þágu sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að auglýsa störf í mötuneyti Skaftárhrepps en samhliða að gera verðkönnun innan sveitarfélagsins á aðkeyptri þjónustu fyrir rekstur mötuneytisins.*
10. 2101010 Holt 2, ljósleiðari. Tölvupóstur Finnbogi Hannesson, dags. 12.01.2021  
*Fyrir fundinum liggur erindi frá Finnboga Hannessyni vegna lagningar ljósleiðara og beiðni um að fá lagðan ljósleiðara að Holti 2 á sömu kjörum og aðrir íbúar í Skaftárhreppi. Sveitarstjóri svaraði erindi sem barst frá Guðmundi Ágúststyni lögmanni fyrir hönd Finnboga þann 4. janúar sl. sama efnis með þeim skýringum að samkvæmt skilmálum Ísland ljóstengt telst Holt 2 ekki styrkhæfur staður og þarf því að greiða raunkostnaði við lagninguna hafi þau hug á að vera með á þessu stigi. Rökin fyrir höfnuninni má rekja til tæknilegra skilmála fjarskiptasjóðs vegna Ísland ljóstengt þar sem fram kemur í lið nr. 3 að til að teljast styrkhæfur staður þarf að hafa skráðan íbúa sem er með heilsársbúsetu. Því er ekki til að dreifa í tilfelli Holts og var staðurinn því ekki hluti af umsókn sveitarfélagsins í fjarskiptasjóð. Uppbygging ljósleiðara í*



*Skaftárhreppi er algjörlega háð styrkveitingu Ísland ljóstengt og hefur sveitarfélagið ekki burði til að greiða með tengingum sem ekki teljast styrkhæfar. EBH, BG, HGÁ og AH staðfesta ofangreinda bókun. KG situr hjá við afgreiðslu málsins.*

## **11. 2101011 Lóðarleiga á Kirkjubæjarklaustri**

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að lóðarleiga íbúðarlóða í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri verði 1% af fasteignamati lóðar.*

### **III. Fundargerðir til kynningar**

1. Fundur í fjallskilanevnd Landbrots- og Miðafréttar dags. 05.08.2020. *Fundargerð kynnt*
2. Fundur í fjallskilanevnd Landbrots- og Miðafréttar dags. 15.10.2020. *Fundargerð kynnt*
3. Fundargerð 24. stjórnarfundar Bergrisans dags. 09.12.2020. *Fundargerð kynnt*
4. Fundargerð 25. Stjórnarfundar Bergrisans dags. 14.12.2020. *Fundargerð kynnt*
5. Fundargerð stjórnar Eldvilja ehf. dags. 18.12.2020. *Fundargerð kynnt*
6. Fundargerð 82. Fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu dags. 26.11.2020. *Fundargerð kynnt*
7. Fundur í fjallskilanevnd Álftaversafréttar dags. 29.09.2020 og 27.11.2020. *Fundargerð kynnt*
8. Fundargerð 11. fundar stjórnar Skógasafnsins dags. 10.12.2020. *Fundargerð kynnt*
9. Verkfundargerðir Kirkjubæjarstofu um Þekkingarsetur nr 12,13,14 og 15. *Fundargerð kynnt*
10. Fundargerð aðalfundar SASS 2020. dags 29. og 30.10.2020. *Fundargerð kynnt*
11. Fundargerð landshlutateymis Suðurlands dags. 7.12.2020. *Fundargerð kynnt*
12. Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum dags. 15.12.2020. *Fundargerð kynnt*
13. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr 892, dags. 11.12.2020. *Fundargerð kynnt*
14. Fundargerð stjórnar SASS nr. 565 dags. 04.12.2020. *Fundargerð kynnt*
15. Fundargerð Aðalfundar stjórnar Hulu b.s. dags. 18.08.2020. *Fundargerð kynnt*

### **IV. Annað kynningarefni**

1. Eftirlitsskýrsla. Umhverfisstofnun dags. 29.09.2020. *Kynnt*
2. Skógasafn Fjárhagsáætlun 2021 – Greinargerð. *Kynnt*
3. Fjölmiðlaskýrsla Skaftárhrepps fyrir 2020. CreditInfo. *Kynnt*
4. Stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid 19, dags 22.12.2020. *Kynnt*
5. Bændur græða landið. Landgræðslan dags. 23.12.2020. *Kynnt*
6. 2004004 Minnisblað KPMG vegna uppbyggingar þekkingarseturs. KPMG, dags. 13.01.2021. *Kynnt*

Fundargerð lesin upp og samþykkt í tölvupósti til sveitarstjóra

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 28. janúar 2021

Fundi slitið kl. 17:32

---

Eva Björk Harðardóttir



---

Katrín Gunnarsdóttir

---

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

---

Arndís Harðardóttir

---

Bjarki Guðnason